

Gæðingakeppni C - Flokkur

Knapi og hestur sem keppir í C- flokki, getur ekki keppt líka í A og B flokk á sama móti

7.5.2.3 C - flokkur gæðinga

Hringvöllur : Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet , tölt og/eða brokk, og stökk.

Bein braut : Riðnar skulu 4 ferðir (c.a 4x80 metrar).

Sýni keppandi bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala þ.e. lágsta tala í einkunnargjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

C- flokkur

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Fetgangur	5 – 10	1
2. Brokk og/ eða tölt	5 - 10	1
3. Stökk	5 – 10	1
4. Vilji	5 - 10	1
5. Fegurð í reið	5 - 10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 5. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 15 séu 3 dómara að dæma, en 25 séu fimm dómara að dæma.

Viðbót í kafla 7,6 Um úrslitakeppni gæðingakeppninnar.

7.6.2.4 Úrslit C - flokkur

Sýna skal fet allt að einum hring upp á hvora hönd.

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar.

Knapi þarf að velja hvort hann sýnir tölt eða brokk í úrslitum, hann getur ekki sýnt bæði.

Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu.

Stökk - Keppendur safnist saman á skammhlið / eða enda brautar ef notuð er bein braut og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina skal ríða.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn og í lokin fyrir vilja og fegurð í reið.